

Húnabyggð
Börkur Þór Ottósson
Hnjúkabyggð 33
540 Blönduós

Garðabær, 19. september 2024
Málsnúmer: 202408-0036
MH

Efni: Breyting á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012–2022 vegna Blöndulínu 3

Vísað er til erindis Húnabyggðar sem barst í gegnum Skipulagsgátt þann 27. ágúst 2024 þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna breytingar á Aðalskipulagi Húnavatnshrepps 2012–2022 vegna Blöndulínu 3. Breyting á aðalskipulaginu felst í að marka nýja legu Blöndulínu 3 á uppdrátt, lýsa lagnaleið línunnar í samræmi við umhverfismatsskýrslu og setja inn fjögur ný efnistökusvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér skipulagslýsinguna. Í henni kemur fram að ekki sé talin þörf á að meta umhverfisáhrif breytinganna þar sem mati á umhverfisáhrifum Blöndulínu 3 sé lokið með álit Skipulagsstofnunar. Náttúrufræðistofnun telur að þrátt fyrir að umhverfismatsferli sé lokið þá verði að gera grein fyrir umhverfisáhrifum aðalskipulagsbreytingarinnar, m.a. á lífríki, þ.m.t. vistgerðir, gróður og fugla, jarðminjar, landslag og víðerni.

Gróðurfar á línuleið A1, sem er sú leið sem valin hefur verið fyrir Blöndulínu 3, er fjölbreytt. Mest er af mólendi en einnig er talsvert um ósnortið eða lítt snortið votlendi. Algengasta votlendisvistgerðin er starungsmýravist og hana má finna í undirlendi og hlíðum Blöndudals og Svartárdals, í Kiðaskarði, Mælifellsdal og meðfram vegi með Efribyggð. Aðrar votlendisvistgerðir eru runnamýravist á láglendi, tjarnarstararflóavist, brokflóavist og gulstararflóavist. Allar þessar vistgerðir hafa mjög hátt verndargildi og eru á lista Bernarsamningsins yfir vistgerðir sem þarfnast verndar, að brokflóavist undanskilinni. Þau votlendissvæði sem mest að kveður, hafa ekki verið ræst fram og heyra undir 61. gr. laga um náttúruvernd eru fyrst og fremst á Steinárhálsi, við drög Hvammsár austan Svartárdals og hallamýrar í Mælifellsdal. Náttúrufræðistofnun leggur áherslu á að við framkvæmdir verði votlendissvæðum ekki raskað meir en nauðsynlegt er og að gripið verði til viðeigandi mótvægisáðgerða. Í breytingartillögu aðalskipulags ætti að gera grein fyrir áhrifum framkvæmda við Blöndulínu 3 á votlendi og annan gróður og gera grein fyrir mótvægisáðgerðum.

Á fyrirhugaðri línuleið hefur heiðarlöndum á Steinárhálsi og austur að Kárahnjúk lítið verið raskað. Á þessu svæði er þéttleiki mófugla talsverður. Þá liggja farleiðir gæsa og álfta um Svartárdal og Blöndudal. Í breytingartillögu aðalskipulagsins ætti að fjalla um áhrif framkvæmdanna á fuglalíf, m.a. áflugshættu vegna raflínunnar.

Í skipulagslýsingu kemur fram að efni verði tekið úr sex efnistökusvæðunum, þ. á m. í þremur aurkeilum sem eru með stuttu millibili í Kiðaskarði, KS-1, KS-2 og KS-3. Í umsögn Náttúrufræðistofnunar um umhverfismatsskýrslu fyrir framkvæmd á Blöndulínu 3, dags. 19. maí 2022, er mælt til að ekki verði farið í að raska öllum keilunum þremur vegna efnistöku,

heldur verði eingöngu unnið efni úr þeirri sem nú þegar er röskuð, þ.e. KS-1. Stofnunin ítrekar þá athugasemd.

Blöndulína 3 mun raska svæði sem að hluta til má telja ósnortin víðerni, hún verður áberandi í landslagi og mun hafa mikil áhrif á ásýnd svæðisins sem hún liggur um. Fjalla ætti um þennan þátt í umhverfismati breytingartillögu aðalskipulagsins.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Virðingarfyllst,

María Harðardóttir

María Harðardóttir
líffræðingur

